

anlegur til að láta þann hluta, er hann á í námanum, fyrir verð, er samsvari því verði, er stjórnin hefði ætlað að selja sinn hluta fyrir.

41
12. desbr.
1876

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir alþingi, skal ekki undanfellt að bæta því við, að þótt ekki sje ólíklegt, að eigandi $\frac{3}{4}$ parts námans ætli sjer að nota heimild þá, er lögin (20. kap. kaupab. Jónsb.) veita honum til að fá sameigninni slitið, hefir eptir afdrifum þeim, er málið hlaut á alþingi 1875, ekki þótt nægilegt tilefni til að leggja fyrir alþingi það, er kemur saman næsta ár, lagafrumvarp annaðhvort um sölu námans eða um kaup $\frac{3}{4}$ hans handa landssjóði, og eins hefir ekki heldur þótt nauðsynlegt að hreifa nokkuð við banni því, er lagt var á notkun námans, með því að banni þessu hefir ekki verið fram fylgt með lögsókn, og má því telja það þýðingarlaust að lögum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðgjörð að Vest-* **42**
mannaeyja-kirkju. — Í þóknanlegu brjefi frá 16. oktbr. p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að amtmáðurinn yfir suður- og vesturumdæminu hafi lagt það til, að samþykktur verði samningur milli sýslumannsins á Vestmanna-eyjum og Sigurðar trjesmiðs Sveinssonar, um aðgjörð fyrir umsamda borgun á austurgaffi Vestmannaeyja-kirkju, vesturgaffi hennar og veggjum að utan og um að kalka veggina að innan. Ráð-ið þjer frá aðgjörð á vesturgaffi kirkjunnar, með því að hún muni vera ónauðsynleg, en leggið til, að veittar verði 400 kr. eða fram undir það af landssjóði, til þess að gjöra að austurgaffi kirkjunnar, og ef nauðsynlegt er kalka hana innan, og ráðleggið þjer af ástæð-um þeim, er þjer tilgreinið betur, að falið verði Sigurði Sveinssyni á hendur að leysa þetta verk af hendi fyrir daglaun, í stað þess að láta hann taka að sjer alla viðgerðina fyrir tiltekna borgun í einu lagi.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstafanar, að tillögur yðar eru hjér með samþykktar, og verð-ur að taka kostnaðinn af hlut ráðgjafans í fje því, sem til er tekið í 16. gr. fjárlaganna, að svo miklu leyti sem eigi verður staðinn straumur af honum með því, sem kirkjan á sjálf til. En til þess að ihugað verði betur, hvort ráð sje að fá Sigurði Sveinssyni á-minnst verk í hendur, skal eigi undanfellt að leiða athygli yðar jafnframt að því, herra landshöfðingi, að hann samkvæmt skýrslu sýslumannsins á Vestmannaeyjum frá 5. maí 1874, þá hefir sagzt alls ekki geta tekið að sjer aðgerðina á austurgaffi kirkjunnar, það myndi verða tómst steinsmíði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr Thorchillii-* **43**
sjóði. — Þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. nóvbr. f. á. fylgdu nánari skýringar um bónarbrjef síra Þórarins prófasts Böðvarssonar um, að honum verði veitt 2—3000 kr. vaxtalaust lán til þess að endurbæta og laga íbúðarhús, er hann hefði keypt í Hafnarfirði og ætlað til skóla fyrir börn og fullorðna af almúgastjett.

5. febr.

Út af þessu skal vísað til niðurlagsins á brjefi ráðgjafans frá 6. júlí f. á.¹ og tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að þen þessi verður eigi veitt.

1) Sjá Stjórnartíðindi B, 1876,—85 (bls. 85).